

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps, jörðin Hlið.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 31. mars 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1984-2004.

Breytingin er fólgin í því að hluti úr landi jarðarinnar Hliðs breytist úr útivistarsvæði í íbúðasvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bessastaðahrepps og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Vakin er athygli á að staðfesting þessi er gerð með vísan til afgreiðslu Skipulagsstjórnar ríkisins þann 10. mars 1993 þar sem fyrirvari er gerður þess efnis að fullnægjandi sjóvarnir verði komnar áður en byggingarframkvæmdir verði heimilaðar.

Umhverfissráðuneytið, 2. apríl 1993.

F.h.r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.